

# Minnisblað um orku-, fjarskipta-, skipulags- og umhverfismál

---

<b>Dagsetning:</b>	21. febrúar 2022
<b>Verkkaupi:</b>	Helgafellssveit og Stykkishólmsbær
<b>Efni:</b>	Drög að minnisblað um orku-, fjarskipta-, skipulags- og umhverfismál.
<b>Viðtakandi:</b>	Samstarfsnefnd
<b>Höfundar:</b>	Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, RR ráðgjöf

---

## Framtíðarsýn

Í sameinuðu sveitarfélagi verði skipulagsnefnd sem taki yfir hlutverk núverandi nefnda. Ekki verður starfandi byggingarnefnd í sameinuðu sveitarfélagi, heldur mun byggingarfulltrúi halda afgreiðslufundi líkt og stjórnskipulag hjá Stykkishólmsbæ gerir ráð fyrir.

Að mati nefndarinnar er ljóst að breytingar verða á fyrirkomulagi sorphirðu og eyðingar á árinu 2023 sem leiða af lagabreytingum sem varða þá öll sveitarfélög í landinu. Að öðru leyti leggur nefndin ekki til breytingar í málaflokknum. Íbúar á öllu svæðinu fá aðgengi að gámastöð til jafns. Auknar kröfur eru fyrirhugaðar samkvæmt lögum um úrgangsmál sem sameinað sveitarfélag er betur í stakk búið til þess að mæta.

Nefndin leggur til að í sameinuðu sveitarfélagi verði reglur um snjómokstur endurskoðaðar. Snjómokstur í dreifbýli verði útfærður í samráði við dreifbýlisráð. Nefndin leggur áherslu á að sameinað sveitarfélag beiti sér fyrir auknum snjómokstri af hendi Vegagerðarinnar, sérstaklega á þeim leiðum sem börnum er ekið til skóla og fólk sækir atvinnu.

Samræma þarf aðalskipulög sveitarfélaganna, komi til sameiningar þeirra og samræma áherslur sem birtast í gildandi aðalskipulögum sveitarfélaganna. Aðalskipulög sveitarfélaganna eru unnin í dag með ólíkum hætti og komi til sameiningar eru tækifæri til frekari samlegðaráhrifa og að þau liggi betur saman. Skipulagsmál verði einfaldari í umsýslu og hægt að samræma innviði, svo sem vegi, stíga og lagnaleiðir.

Stykkishólmsbær er með byggingargátt í notkun sem er rafrænt kerfi sem einfaldar umsýslu og umsóknarferli byggingarleyfisumsókna. Helgafellssveit er í dag með slíkar umsóknir á pappírformi. Verði sameiningin samþykkt fá íbúar Helgafellssveitar betra utanumhald um umsóknir og fá aðgengi að gögnum og upplýsingum með rafrænum hætti í gegnum málaskrárkerfið sem Stykkishólmsbær notar.

## Núverandi staða

### Skipulags- og byggingarmál – Stjórnskipulag og starfsemi

Skipulagsnefnd Stykkishólmsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar að skipulagsmálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni. Í skipulagsnefnd eiga

sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri, skipulags- og byggingarfulltrúi og fulltrúi úr ungmennaráði rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Í skipulags- og byggingarnefnd Helgafellssveitar eiga sæti þrjár fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára.

Í Stykkishólmi eru haldnir afgreiðslufundir byggingarfulltrúa og eru erindi berast til bæjarins og tengjast lögum um mannvirki (byggingarleyfi o.s.frv.) afgreidd á sérstökum afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

Sameiginlegt umhverfis- og skipulagssvið hefur nýlega tekið til starfa fyrir Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ og Eyja- og Miklaholtshrepp. Sameiginlegir skipulags- og byggingarfulltrúar eru með fasta viðveru í Ráðhúsinu í Stykkishólmi og Ráðhúsinu í Grundarfirði, auk viðveru í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit eftir þörfum. Aðstoðarmenn skipulags- og byggingarfulltrúa starfa með skipulags- og byggingarfulltrúum með aðsetur á sömu stöðum. Verkefni sem unnin eru af áhaldahúsum og eignausmjón sveitarfélaganna munu sömuleiðis heyra undir hið nýja svið. Með breytingunum er ætlunin að styrkja enn frekar stjórnarsýslu skipulags- og byggingarmála, umhverfisstarf sveitarfélaganna fjögurra, utanumhaldigna og eigin framkvæmda og ekki síst þjónustu við íbúa á viðkomandi sviðum eins og segir á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.<sup>1</sup>

Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar er hefur sett ýmsar reglur um umhverfis-, skipulags- og byggingarmál sem má finna á heimasíðu Stykkishólmsbæjar, m.a. umhverfisverðlaun, reglur um úthlutanir lóða, reglur um dagsektir, reglugerð um fráveitu, reglur um geymslusvæði og samþykkt um gatnagerðargjald.

Stykkishólmsbær var útnefndur EDEN-gæðaáfangastaður í Evrópu 2011 fyrir varðveislu og endurnýjun menningarminja og metnaðarfulla stefnu í sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu.

### [Snjómokstur í dreifbýli](#)

Íbúum með lögheimili í dreifbýli er gefinn kostur á að fá mokaða afleggjara að íbúðarhúsum sínum í samráði við oddvita þegar snjómoksturstaeki eru á ferð á vegum sveitarfélagsins, en greiða að hálfu kostnað á móti sveitarfélaginu.

### [Aðalskipulagsáætlanir](#)

Sveitarfélögum er skylt að hafa í gildi aðalskipulag sem er skipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið og tekur til alls lands innan marka þess. Aðalskipulag hefur að geyma stefnu sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og

---

<sup>1</sup> <https://www.stykkisholmur.is/frettir/stok-frett/2021/10/13/Nyir-starfsmenn-a-svidi-umhverfis-og-skipulagsmala/>

þjónustukerfi og umhverfismál. Fjallað er um aðalskipulagsáætlanir í VII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæði sveitarfélög eru með gildandi aðalskipulög. Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar rennur út á þessu ári (2002-2022). Aðalskipulag Helgafellssveitar rennur út árið 2024 (2012-2024).<sup>2</sup>

### Umhverfismál - sorpmál

Umhverfis- og skipulagssvið Stykkishólmsbæjar heldur utan um öll hefðbundin skipulags- og byggingarmál en auk þess hafa starfsmenn sviðsins umsjón með verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins s.s. viðhaldi fasteigna, gatna- og holræsakerfi bæjarins, opnum svæðum, sorphirðu og sumarvinnu unglinga.

Árið 2003 fékk Höfnin í Stykkishólmi Bláfánann og var það í fyrsta skipti að höfn fékk Bláfánann á Íslandi. Grænfánanum var flaggað í Leikskóla Stykkishólms og við yngri deildir Grunnskólans vorið 2007 og í janúar 2008 hófust íbúar handa við að flokka allt sorp. Árið 2008 fékk Stykkishólmur ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi umhverfisvottun og hefur hún verið endurnýjuð á hverju ári síðan þá. Íslenska gámafélagið og Stykkishólmsbær gerðu samning um þessháttar flokkun í desember 2007. Í janúar 2008 voru öll heimili komin með þrjár sorptunnur. Þannig varð Stykkishólmur fyrsta sveitarfélag landsins til að taka upp almenna sorpflokkun.

Árið 2003 hófu sveitarfélögin á Snæfellsnesi, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, umfangsmikla undirbúningsvinnu að umhverfisvottun EarthCheck samtakanna fyrir lausnamiðað starf og sjálfbærari frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum. Þann 8. júní 2008 hlaut Snæfellsnes umhverfisvottun við hátíðlega athöfn. Áfanginn vakti verskuldaða athygli innan lands sem utan þar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru þau fyrstu í Evrópu til þess að hljóta slíka vottun og fjórða samfélagið í heiminum öllum.

Varðandi gjaldskrár í sorpmálum þá tekur ný reglugerð gildi í upphafi árs 2023, sem byggir á breytingum á lögum. Í lögunum kemur m.a. fram að innheimta skal sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs og að fast gjald skuli vera takmarkað nýtt. Þessar breytingar þýða að flest sveitarfélög þurfa að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtukerfi svo hægt að sé að innheimta á réttan hátt. Nánar er fjallað um sorpmál hvers sveitarfélags um sig hér fyrir neðan. Varðandi gjaldskrár er vísað til umfjöllunar í minnisblaði um fjármál.

#### Sorpmál í Helgafellssveit:

Helgafellssveit er með tveggja tunnu kerfi, gráa tunnu fyrir almennan úrgang og græna tunnu fyrir flokkað endurvinnsluefni (pappír, pappa, plast og smáa málmhluti). Sótt er bæði heim á bæi og sumarhús mánaðarlega yfir veturinn en á 2. vikna fresti á sumrin. Ekki er sótt yfir háveturinn í sumarhúsin. Sorpsöfnun í Helgafellssveit er framkvæmd af heimaaðilum og losað í gáma frá Íslenska Gámafélaginu á gánavelli í Stykkishólmi, en Helgafellssveit hefur tvo gáma á gánavellinum þar til afnota.

<sup>2</sup> <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=03635821457843174955>

Sérsöfnun lífræns úrgangs er ekki hafin en verði af henni er líklegt að samið væri um að koma honum til jarðgerðar í Stykkishólmi. Lífrænt efni er nýtt til moltugerðar og landgræðslu. Íbúar og sumarhúsaeigendur geta sjálfir farið með sorp á milli ferða og í stærri tiltektum í gámana sem sveitarfélagið leigir í Stykkishólmi. Einnig er Helgafellssveit með klippikort í timburgám og greiðir eftir vigt.

Helgafellssveit hefur ekki staðið fyrir sérsöfnun á málmum en Íslenska gámafélagið býður upp á að koma með gáma heim á bæi og taka við málmum. Hægt er að fara með rafgeyma og önnur spilliefni á gámastöðina.

Rúlluplasti er safnað frá bændum nokkrum sinnum yfir árið.

Það gler sem er sérsafnað fer í Ásbyrgi, vinnustað fyrir fólk með skerta starfsgetu og fötlun í Stykkishólmi. Gleri er ekki sérsafnað á vegum sveitarfélagsins.

Það sem þarf að sérsafna samkvæmt væntanlegum reglum EU er pappír og pappi, málmar, textíl og spilliefni.

Dýrahræjum er ekki safnað í sveitarfélaginu, en möguleiki gæti opnast til að brenna dýrahræjum í brennslugám fyrir dýrahræ hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu að Strönd og hugsanlega getur Sorpurðun Vesturlands samið við þá um móttöku dýrahræja frá Vesturlandi.

Sorpmál í Stykkishólmi:

Sérsöfnun er á lífrænum úrgangi í Stykkishólmi og líklegt að sú sérsöfnun uppfylli ákvæði sem fyrirhugað er að setja í Íslenska löggjöf á næstunni, en samkvæmt Evróputilskipun á að sérsafna lífúrgangi frá 1. janúar 2024 í síðasta lagi.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 55/2003 verður einstökum sveitarfélögum gert skylt ná markmiðum um endurnotkun og endurvinnslu varðandi úrgang sem til fellur innan sveitarfélagsins.

Stykkishólmur sérsafnar lífrænum úrgangi, endurvinnsluúrgangi, pappír, plasti og málmum (niðursuðurdósir o.þ.h.) og úrgangi til urðunar. Þriggja tunnu kerfið hefur verið í notkun síðan 2008. Gleri er safnað af vinnustað fatlaðra í Ásbyrgi, sem er í Stykkishólmi. Tekið er á móti raf- og rafeindaúrgangi á gámastöð.

Tekið er á móti bygginga- og niðurrifsúrgangi á Haugum, þar sem tekið er við óvirkum úrgangi, í Stykkishólmi. Flokkað er í gámana við móttöku á gámastöð í Stykkishólmi.

Verið er að undirbúa vigtun inn á gámastöð, en það hefur ekki verið til þessa. Magn umfram ákveðið lágmark þyrfti þá að greiðast aukalega t.d. ef einhver kemur með „kerru af rusli“. Stykkishólmur er í góðri stöðu varðandi fyrirhugaðar breytingar, en enn er verið að þróa lausnir áfram og gengur það vel.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur sett samþykkt um meðhöndlun úrgangs hjá Stykkishólmsbæ og vísað er til hennar til nánari upplýsinga.

#### Orku- og fjarskiptamál:

Fjögur jarðhitakerfi hafa fundist í Helgafellssveit en heita vatnið hefur verið nýtt til hitaveitu í Stykkishólmi og hluta Helgafellsveitar frá árinu 2000.<sup>3</sup> Hitaveita Stykkishólms er rekin af Veitum ohf., en hitaveitan er í lokaðri hringrás í Stykkishólmi og í eigu Veitna ohf. Veitur ohf. eiga jafnframt og reka Vatnsveitu Stykkishólms sem þjónar íbúum Stykkishólmsbæjar og hluta Helgafellssveitar.

#### Gagnaveita Helgafellssveitar ehf.

Helgafellssveit stofnaði félagið Gagnaveita Helgafellssveitar ehf. í byrjun árs 2014. Markmið og tilgangur félagsins er að leggja ljósleiðara um sveitarfélagið og reka veituna.

Við fjármögnun félagsins voru eignir sveitarfélagsins lagðar að veði fyrir láni frá Byggðastofnun, en þær eignir voru síðar seldar til að borga niður lánin. Ekki fengust neinir styrkir til framkvæmdarinnar nema kr. 5 milljónir frá SSV. Heildarkostnaður var 55.8 milljónir.

Verkefninu lauk undir lok árs 2014 og var ljósleiðarakerfið orðið virkt þann 11. mars 2015.

Lagðir voru 75 km af ljósleiðara með 21 tengibrunni. Notendur eru um 68, en kerfið er hannað fyrir 144 notendur.

#### Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Svæðisgarðinum Snæfellsnes sem var stofnaður árið 2014 af öllum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, félögum og samtökum á svæðinu. Svæðisgarður er byggðapróunarmodel og snýst um fjölþætt samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, félaga og samtaka á svæði sem myndar landslags- og menningarlega heild. Samstarfið „byggir á sameiginlegri sýn um sérstöðu svæðisins og samtakamætti við hagnýtingu sérstöðunnar og verndun hennar“ eins og segir á vefsíðu Svæðisgarðsins.<sup>4</sup> Aðilar Svæðisgarðsins eru:

- Snæfellsbær
- Stykkishólmsbær
- Grundarfjarðarbær
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Helgafellssveit
- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
- Búnaðarfélag Eyrarsveitar
- Búnaðarfélag Staðarsveitar
- Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu

<sup>3</sup> Svæðisskipulag Snæfellsness, bls. 45

< <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=13635645353914266900> >

<sup>4</sup> <https://www.snaefellsnes.is/svaedisgardur>

Tilgangurinn er að efla samfélagið á Snæfellsnesi, skerpa sérstöðu þess og vinna að því að bæta lífsgæði íbúa og gesta á svæðinu. Sveitarfélögin á svæðinu létu vinna svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes sem hefur að geyma sameiginlega sýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs og samfélagsins.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> <http://skipulagsaetlanir.skiplagsstofnun.is/skiplagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=13635645353914266900>